

Íslendingar og friðarmálin.

I.

Eitt var það sem eg gat ekki fallist á í hinu ágæta útvarpserindi Snorra Sigfússonar skólastjóra 29. apríl, er hann sagði að ekki væri það skortur á fróðleik sem varnaði því, að mannkynið fengi að njóta friðar og farsældar. Það er hægt að sýna fram á hversu aukning þekkingar hefir haft hin mestu áhrif á sögu mannkynsins, og nýr fróðleikur hefir aftur og aftur valdið aldaskiftum. Svo varð t. d. þegar mönnum lærðist að nota eldinn, og mjög löngu síðar málmana. Eftir því sem á söguna liður verður æ skemra milli aldaskiftanna. Kemur þetta vel í ljós ef vér athugum fólksfjölgun þá sem auðsjáanlega stendur í sambandi við aukinn fróðleik og bættu greind. Um það leyti sem Haraldur harðráði gerði tilraun sína til að leggja undir sig England (1066) er giskað á, að íbúar þar muni hafa verið aðeins um 2 miljónir. Nálægt 500 árum síðar eru Englendingar farnir að nálgast 5 miljónir, um 1800 eru þeir orðnir 10 miljónir, en hafa síðan nálega fimmfaldast og má þó ekki gleyma því hve mjög margir hafa þar síðan um 1800 flutt úr landi og aukið kyn sitt í öðrum heimsálfum. En íbúar allrar Evrópu voru um þau aldamót 180 miljónir en hafa síðan nálega þrefaldast.

II.

Það mun vera óhætt að segja, að aldrei hafi til verið meira af farsælu ungu fólki á jörðu vorri en nú er, og aldrei meira gert fyrir sjúka og fatlaða, börn og gamalmenni. Og vér sem nú erum farin að eldast getum vel séð hve mjög fólkinu hefir farið betur fram á þessum síðustu áratugum en á vorum æskuárum. Má því með nokkrum sannni segja, gagnstætt því sem svo oft er á orði haft, að aldrei hafi hér á jörðu verið betri tímar en þessir síðustu, og enginn vafi á því, að aukin þekking veldur þar mestu um. En þrátt fyrir þetta vantar mikið á að vel sé. Hörmungarnar hafa aldrei orðið eins ógurlegar og á vorum tímum og hættunnar sem vofa yfir framtíð mannkynsins aldrei eins geigvænlegar. En þetta er einmitt af því, að þrátt fyrir allar framfarir í þeim efnum, þá skortir þekkingu, vísindin eru of skamt á leið komin. Þegar þjóðirnar eru nú að vinna, eða sem ákafast að húa sig undir að vinna það allra vitlausasta sem hægt er að gera, þá er það af því að þekking í líffræði og heimsfræði er ónóg. Menn vita of lítið um þýðingu og tilgang lífsins, og hafa þessvegna ekki nóg samlega áttað sig á því, hver skaði er gerður ef þjóðirnar verja mestum kröftum sínum og hugviti til að geta valdið sem mestri eyðileggingu, í stað þess að ástunda hvernig samstarf alþjóða geti orðið sem allrabest. Og eins eru þjóðfélögin hið innra, þó að á friðartímum sé, mjög svo mótuð af því, að þekkingu skortir á aðalatriðum líffræðinnar og lífennisfræðinnar.

III.

Allmargar raddir hafa um það heyrst á þessum síðustu áratugum, að nú séu alvarlegri tímamót í sögu mannkynsins en nokkur hafa verið önnur, og er það ófað rétt. Hefir ýmislegt skrítið komið fram í því sambandi, og þó skritnast líklega það, að hjá hinni miklu bresku þjóð skuli hafa heyrst rödd, og hún ekkert hikandi, sem segir að frá hinni örsmáu íslensku þjóð sé þess ljóss að vænta, sem

lýsa muni mannkyninu út úr ógöngunum. Íslendingar munu flestir, enn sem komið er, hafa látið sér fátt um finnast þessi stórmæli, og það er vert að geta þess, að þó að Winnipeg-blaðið Heimskringla prenti upp margt af því sem birtist í blöðum hér heima, þá hefir þar ekkert sést af þeim ekki allfáum greinum, sem hér hafa verið ritaðar um Adam Rutherford og boðskap hans um þýðingu íslensku þjóðarinnar. Og á Útvarpskvöldi Friðarvinafélagsins mintist frú Aðalbjörg Siguðardóttir að visu á boðskap þenna, en aðeins til þess að taka það fram, að hún teldi hann markleysu. Yfirleitt minnir mig að friðarvinunum kæmi saman um að það væri með öllu óhugsandi, að frá Íslandi gæti komið nokkuð það sem miðaði til að afstýra ófriði. Kom þar fram sá algengi misskilningur, að þýðing þjóðar fyrir mannkynið sé mest undir höfðatölunni komin. En minna mætti á það, að Grikkir voru engin stórþjóð, og Gyðingar ekki heldur. Og þegar í Svíþjóð voru uppi tveir hinir merkilegustu andans menn þeirrar aldar, Linné og Swedenborg, þá var sú þjóð fámennari en Norðmenn eru nú. Og jafnvel síðar, þegar þar var uppi sá efnafræðingur, Berzelius, sem öllum kemur saman um, að ekki ætti þá neinn sinn líka meðal stórþjóðanna, voru Svíar færri en Danir eru nú. Og þegar Íslendingar unnu það andans verk, sem enginn vafi er á, að langt tók fram því sem samtímis var unnið annarsstaðar á Norðurlöndum, þá voru þeir að visu allmiklu fjölmennari að til tölu við bræðraþjóðirnar en nú er, en þó vitanlega mjög miklu fámennari en þær.

IV.

Þó að fortíð íslensku þjóðarinnar hafi þegar best lét, verið um suma hluti með ólíkindum glæsileg, þá er þó enginn vafi á því, að framtíð hennar getur orðið langtum glæsilegri, og laus við galla fortíðarinnar. Ættum vér að láta oss vífin að varnaði verða, en ástunda að skilja hinsvegar sem best, hve mjög það var sannleiksást og andlegt frelsi, sem forfeður vorir höfðu til sins ágætis, og að þar verðum vér að halda áfram. Og gera þó betur. Vér verðum að ástunda, meir en gert hefir verið, íslenskt sjálfstæði í hugsun og rannsókn, og treysta oss til sjálfðæmis um landa vora, en

meta þá ekki fyrst og fremst eftir því, hvert mat útlendingar hafa á þeim. Og er þetta þó ekki svo að skilja sem eg vilji gera lítið úr mati góðra manna og viturra á oss, þó að útlendir sé. Og hefi eg þar fyrst og fremst í huga Adam Rutherford, sem svo mjög hefir tekið öðrum fram í mati sínu á gildi íslensku þjóðarinnar. Einnig hefi eg í huga hinn ágæta ritstjóra G. H. Lethem, sem í tímariti sínu Light, mintist skemtilega á rannsóknir minar í nokkru sambandi við kenningar Rutherfords, undir fyrirsögninni A Northern Light (norðurljós). Það er heldur ekki vafi á því, að það er í fullu samræmi við hið andlega frelsi sem hér á landi var um tíma framar en annarsstaðar, að mér hefir tekist að færa út svið náttúrufræðinnar á þann hátt sem orðið er, en ólíklegt hefir þótt að verða mundi. Og það mun sannast, að þar er upphaf að þeim aldaskiftum sem stórkostlegri verða en nokkur áður. Þegar líffræðin verður færð út svo að hún nái til stjarnanna, mun mannkyninu fara meir fram á nokkrum áratugum en á mörgum öldum áður. Þá mun það skiljast, að hlutverk mannkynsins er að gera náttúruna fullkomnari, og að því betur sem mönnunum tekst að forðast ófrið og ósamlyndi, því greiðara verður um samband við þá uppsprettu kraftarins, sem óendanleg er og alfullkomin. Og það er enginn vafi á því, að í þessu efni getur íslenska þjóðin haft forgöngu þótt smá sé, og að Rutherford hefir rétt fyrir sér um þýðingu þjóðar vorrar fyrir allt mannkyn. Og eg hygg að hinar langvinnu og svo ótrúlega illgirnislegu, lýmskufullu og þunghæru tilraunir sem gerðar hafa verið til að spilla lífi mínu og gera mér ómögulegt að vinna að framgangi þessa máls, megi telja með því allravittlausasta sem gert hefir verið á þessari jörð, og með því allravittlausasta sem hugsað hefir verið, að ímynda sér, að ekki sé að marka það sem eg hefi sagt um niðingsverk þetta.

29.4.—4.6. — 38.

Helgi Pjeturss.